

Þriðjudaginn 12. apríl 1988.

Nr. 368/1987. **Ólína Ingibjörg Leósdóttir og
Samvinnutryggingar g.t.**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Aðalgeiri Axelssyni

(Gunnar Sólmes hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1987. Þeir gera þær dómkröfur að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda í málinu og að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bifreið áfrýjanda Ólínu Ingibjargar var ekið til austurs eftir Þingvallastræti á Akureyri og hugðist ökumaður beygja af götunni til hægri inn á bifreiðastæði við Iðnskólann og kveðst hafa gefið það til kynna með stefnuljósum. Bifreið stefnda var ekið á eftir bifreið áfrýjanda og hugðist ökumaðurinn aka fram með bifreið hennar hægra megin, en það taldi hann lag og kveðst ekki hafa tekið eftir stefnuljósum.

Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar var bifreið stefnda alveg við hægri brún götunnar og rákust saman hægra framhorn bifreiðar áfrýjanda og vinstra framhorn bifreiðar stefnda. Þarna eru hvorki gatnamót né akreinar, en ómótmælt er að rétt austar taki við akreinar og gatnamót. Giltu því ekki sérreglur 5. og 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um ökumann bifreiðar stefnda. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar mátti hann ekki aka hægra megin fram úr. Þar sem hann gætti ekki þessarar reglu verður að telja að hann beri höfuðsök á árekstrinum.

Ökumaður bifreiðar áfrýjanda hélt bifreiðinni svo innarlega á götunni að rúm var til að aka fram úr hægra megin. Með því braut hann gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1968 og villti um fyrir ökumanni bifreiðarinnar, sem á eftir kom, þannig að hann taldi að ökumaður bifreiðar áfrýjanda ætlaði sér að beygja til vinstri norður Þórunnarstræti. Með aksturslagi sínu braut hann þannig gegn 1. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968 og verður hann því að bera $\frac{1}{3}$ hluta tjóns stefnda.

Hvorki er tölulegur ágreiningur með aðilum né ágreiningur um vexti. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjendum að greiða stefnda 5.875,00 krónur með vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir að áfrýjendur greiði stefnda samtals 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Ólína Ingibjörg Leósdóttir og Samvinnutryggingar g.t., greiði óskipt stefnda, Aðalgeiri Axelssyni, 5.875,00 krónur með 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 26. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og samtals 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bærjþings Akureyrar 6. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október sl., hefur Aðalgeir Axelsson, nnr. 0026-5055, Munkaþverárstræti 34, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 16. febrúar 1987, á hendur Ólínu Ingibjörgu Leósdóttur, nnr. 6847-8154, Langanesvegi 6, Þórshöfn, og Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum kr. 17.626,00 með 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 26. febrúar s.á., 11%

ársvöxtum frá þ.d. til 14. maí s.á., en vanskilavöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987 frá þ.d. til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Málsatvik eru þau að nokkru eftir miðnætti 6. október 1985 varð árekstur með bifreiðunum A-339 og Þ-209 á Þingvallastræti á Akureyri við Iðnskólann. Ökumaður og eigandi A-339 var stefnandi máls þessa, en eigandi Þ-209 var stefnda, Ólína Ingibjörg, en ökumaður bifreiðarinnar var Kristján Ásgeirsson, Langesvegi 6, Þórshöfn, en tryggingafélag Þ-209 var stefnda Samvinnutryggingar g.t. Áreksturinn varð með þeim hætti að báðum bifreiðunum var ekið austur Þingvallastræti. Var bifreiðin Þ-209 á undan og var henni ekið við miðlínu vegar, en bifreiðinni A-339 var ekið á eftir við hægri brún götunnar miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Er bifreiðarnar nálguðust Iðnskólann, sem er hægra megin götunnar, hugðist stefnandi aka bifreiðinni A-339 framúr Þ-209 hægra megin, en skammt austan innkeyrslu að Iðnskóla skiptist Þingvallastræti í 2 akreinar. Ökumaður Þ-209 sveigði þá til hægri og hugðist aka inn á bifreiðastæði Iðnskólans. Ökumaður A-339 náði ekki að stöðva bifreiðina og rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar framarlega í hægri hlið Þ-209.

Skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna skemmda á bifreiðinni A-339. Byggir hann kröfu sína á því að ökumaður Þ-209 eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið bifreiðinni nálægt miðlínu og stefnandi því talið að hann ætlaði að beygja til vinstri norður Þórunnarstræti í samræmi við akreinaskeiptingu á Þórunnarstræti, sem var skammt framundan. Hafi stefnandi því talið óhætt að aka framúr Þ-209 þar sem hann ætlaði að taka hægri akrein og halda áfram austur Þingvallastræti. Með því að beygja í veg fyrir sig til hægri hafi ökumaður Þ-209 sýnt mikla óaðgæslu og brotið umferðarlög. Visar stefnandi einkum til 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi einn átt sök á árekstrinum með ólögmætum og gálauslegum akstri með því að ætla hægra megin framúr Þ-209, sem hafi verið brot á 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. Þetta tiltæki stefnanda hafi verið aþbrigðilegt og hættulegt og ekki von til þess að bifreiðarstjóri Þ-209 varaðist það. Þá hafi stefnandi hvorki gefið hljóðmerki né skeytt um stefnuljós á Þ-209.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur af vettvangi. Þá hefur dómari kannað aðstæður á vettvangi.

Við yfirheyrslu kvaðst ökumaður Þ-209 hafa ekið austur Þingvallastræti með fyrirhugaðan akstur inn á bifreiðastæði við Iðnskólann. Bar honum því að halda sig við hægri brún akbrautar í hæfilegri fjarlægð frá innakstr-

inum að Iðnskólanum. Samkvæmt því þykir akstursmáti ökumanns Þ- 209 ekki hafa verið í samræmi við 4. mgr. 45. gr., 1., 2. og 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga.

Eins og að framan er rakið var götunni ekki skipt í akreinar á þeim stað, sem áreksturinn varð. Fór stefnandi því ekki að fyrirmælum 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga er hann hugðist aka framúr Þ-209.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið þykja báðir ökumenn eiga sök á árekstri þessum. M.a. með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi þykir eiga að skipta sök þannig að ökumaður Þ-209 beri $\frac{2}{3}$ hluta hennar, en stefnandi sjálfur $\frac{1}{3}$. Ber samkvæmt því að dæma stefndu til að greiða stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta tjóns hans.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig: 1. Viðgerðarkostnaður kr. 13.546,00. 2. Afnotamissir kr. 680,00 á dag í 6 daga kr. 4.080,00. Samtals kr. 17.626,00.

Í greinargerð mótmæltu stefndu lið nr. 2 sem of háum, en við munnlegan málflutning var fallið frá þeim mótmælum og er ekki tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda. Verða stefndu því dæmd til að greiða stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta hinnar umkröfðu fjárhæðar eða kr. 11.751,00 ásamt vöxtum eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 24.500,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ólína Ingibjörg Leósdóttir og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Aðalgeir Axelssyni, in solidum, kr. 11.751,00 ásamt 22% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 21. jan. 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 26. febr. s.á., 11% ársvöxtum frá þ.d. til 14. maí s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 24.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.